

Upplýsingar vegna kökufjörðs í tilefni 1. árs afmælis.

- Myndatakan fer fram í stúdíói Agnesar Skúla að Furuvöllum 13, 2 hæð til hægri þegar komið er upp stigann. Það er kertalukt fyrir utan dyrnar sem vísa veginn.
- Agnes Skúla sér um alla stíliseringu fyrir kökufjörð.
- Áður en fjörð hefst eru teknar nokkrar afmælismyndir af barninu í sínum eigin fötum. Eftir það fer barnið í þau föt sem passa best við litapemað sem valið er.
- Foreldrum/forráðamönnum er velkomið að koma með óskir um litapema.
- Skreytingar eru oftast blöðrur og kakan sjálf.
- Kakan er innifalin og er Betty Crocker kaka með rjómaostakremi. Örlíttill matarlitur er settur út í kremið til að lita það í stíl við litapemað. Kakan er dísæt en börnin borða yfirleitt ekki nema örlítið brot af henni. Mesta fjörð er að leika sér með kökuna. Barnið fær einnig sleif til að pota í kökuna.
- Best er að foreldrar haldi sig til hlés í myndatökunni en séu tilbúnir að aðstoða ef þarf.
- Gott er að foreldrar/forráðamenn komi í fötum sem krem má fara í.
- Í lok myndatöku er barnið sett í lítið baðkar með volgu vatni og freyðibaði og sápukulum blásið í kring og nokkrar myndir teknar. Gott er að þrífa kremið af í baðinu.
- Myndatakan tekur um það bil 20-30 mín og er mjög skemmtileg.
- Ef óskað er eftir gluten-, mjólkur- eða sykurlausri köku er foreldrum/forráðamönnum velkomið að skaffa hana, ekki er veittur afsláttur þó ákveðið sé að koma með sína eigin köku.
- Litatónar sem til greina koma eru hvítir, bleikir, bláir, gulir, drapp og grænir.
- Ekki er leyfilegt að koma með veikt barn í myndatöku. Ef barn er með hita eða órólegt vegna veikinda vinsamlegast hafið samband við Agnesi Skúla og bókið nýjan tíma fyrir myndatökuna.
- Vinsamlegast kynnið ykkur [verðskrá](#) og [skilmála](#) áður en myndatakan fer fram.

Með kveðju,

Agnes Skúla
PHOTOGRAPHY